

**Nd.**

**99. Frumvarp til laga**

[76. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús i Gufudalshreppi.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Samúel Zakariassyni bónda í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu eyðijörðina Miðhús í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu er eyðibýlið Miðhús. Er þetta litið kot, sem búið er að vera í eyði það sem af er þessari öld. Er það ríkiseign. Skilyrði til búrekstrar í Miðhúsum eru af svo skornum skammti, að ekki er um það að ræða, að þar hefjist sjálfstæður búrekstur að nýju. Kot þetta hefur verið nytjað af ábuendum Djúpadals um 30 ára skeið, en Djúpidalur er næsta býli.

Annar bóndinn í Djúpadal, Samúel Zakariasson, hefur lengi haft Miðhús til afnota. Nú óskar hann eftir því að fá kотið keypt, og hreppsnefnd Gufudalshrepps mælir með því, að Alþingi heimili þessa sölu. Samúel bóndi mun hafa hug á að bæta verulega þetta litla og löngu yfirgefna kot, fái hann það keypt.